

Starfsskrá ÍTH og almennar upplýsingar



Frístundaheimili

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hlutverk Skrifstofu æskulýðsmála (ÍTH)	3
Tómstundamiðstöðvar ÍTH	3
Tilgangur tómstundastarfs	3
Gildi frítímans	4
Frístundaheimili	5
Innra starf	5
Framtíðarsýn	6
Markmið	6
Helstu markmið	6
Leiðir að markmiðum	6
Almennar upplýsingar	7
Hlutverk verkefnastjóra	7
Hlutverk starfsmanna	7
Forráðamenn	7
Vetrarfrí skóla og „sérstakir“ dagar	7
Skráning	8

Inngangur

Á vorönn 2012 samþykkti Íþróttá- og tómstundanevnd að nýjar og sameinaðar stofnanir frístundaheimila og félagsmiðstöðva skyldu heita Tómstundamiðstöðvar. Stofnanir þessar eru ábyrgar fyrir tómstundastarfi utan lögbundins skólastarfs barna og ungmenna, jafnt þegar skólastarfi lýkur á daginn fyrir 1. – 4. bekk (frístundaheimili) og skipulagt tómstundastarf fyrir 5. – 7. bekk ásamt því að standa fyrir félagsmiðstöðvarstarfi fyrir unglinga í elstu bekkjum grunnskóla. Tómstundamiðstöðvar heyra undir Skrifstofu æskulýðsmála.

Starfsskrár ÍTH eru stefnumiðandi rit og kjölfesta þess starfs sem fer fram í tómstundamiðstöðvum ÍTH. Nú eru til starfsskrár fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar og unnið er að gerð starfsskrár sumarstarfs Vinnuskólans. Starfsskrárnar lýsa þeirri starfsemi sem fram fer í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum, markmiðum þeirra, leiðum að markmiðum og framtíðarsýn, svo dæmi séu nefnd.

Starfsskráin er endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Hlutverk Skrifstofu æskulýðsmála (ÍTH)

ÍTH hefur yfirumsjón með Tómstundamiðstöðvum sem staðsettar eru í grunnskólum Hafnarfjarðar sem starfræktar eru fyrir börn og ungmenni frá 1. – 10. bekkjar. Eitt af megin verkefnum ÍTH er að þróa fagumhverfi frítíma barna og ungmenna. Þá tekur ÍTH þátt í ýmsum þverfaglegum samstarfsverkefnum til að ná fram settum markmiðum. Sérstök áhersla er lögð á að ráða ábyrgt og áhugasamt starfsfólk til starfa með fjölbreyttan bakgrunn, reynslu og menntun sem nýtist í starfi.

Á Skrifstofu æskulýðsmála starfa tveir verkefnastjórar ásamt æskulýðsfulltrúa Hafnarfjarðar. Sjá nánar á www.tomstund.is.

Tómstundamiðstöðvar ÍTH

Starfræktar eru sjö tómstundamiðstöðvar á vegum ÍTH. Í hverri miðstöð starfar verkefnastjóri sem heldur utan um daglegan rekstur og ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd starfsins. Innan hvernar tómstundamiðstöðvar er starfrækt frístundaheimili og félagsmiðstöð ásamt ýmis konar tómstundatilboðum yfir sumartímamann í samstarfi við Vinnuskóla Hafnarfjarðar sem einnig heyrir undir Skrifstofu æskulýðsmála. Sjá nánar á www.tomstund.is.

Tilgangur tómstundastarfs

Í nútímaþjóðfélagi verður frítíminn vettvangur uppeldisstarfs þar sem áhersla er lögð á reynslunám og fjölbreytt viðfangsefni. Á vettvangi frítímans er lögð áhersla á að auka félagsfærni, efla samfélagslega þátttöku og virkni, styrkja sjálfsmynd og samskiptafærni.

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um rétt barna til tómstunda og skapandi starfs. Í 31. gr. kemur fram að:

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.
2. Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju.

Gildi frítímans

- **Menntunargildi**

Ekki er um formlega kennslu að ræða heldur er lögð áhersla á óformlegt „nám“ og reynslunám byggt á lýðræði og mannréttindum. Börnin taka þátt í fjölbreyttum og skapandi verkefnum og öðlast þannig mikilvæga og félagslega þekkingu.

- **Forvarnargildi**

Með því að taka þátt í skipulögðu félagsstarfi í frítíma sínum í umsjá fagfólks eru meiri líkur á því að þau velji sér heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættu hegðun.

- **Afþreyingargildi**

Öll börn og ungmenni hafa þörf á að tilheyra hóp. Að geta hlegið, skemmt sér og varið tíma sínum í góðum hóp við uppbyggileg verkefni er mikilvægur hluti af lífinu. Því er nauðsynlegt að skapa vettvang fyrir börn og ungmenni þar sem fram fara jákvæð samskipti.

Frístundaheimili

Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf fyrir nemendur á aldrinum 6-9 ára eftir að hefðbundnum skóladegi líkur til kl. 17:00 alla virka daga, óháð getu, þroska eða fötlun en sérstök áhersla er lögð á að koma til móts við alla hópa.

Innra starf

Við lítum svo á að barnið þroskist og læri með því að taka virkan þátt í daglegu starfi frístundaheimilisins í skipulögðu hópstarfi, frjálsum leiknum og útiveru svo dæmi séu tekin.

- Innra starf frístundaheimilanna byggist m.a. á vali, hópstarfi og útiveru. Þegar börnin mæta í frístundaheimilið eftir að skóladegi lýkur liggur ávallt fyrir dagskrá fyrir daginn. Þegar boðið er upp á val þá hafa starfsmenn undirbúið starfsstöðvar þar sem börnin takast á við þau verkefni er liggja fyrir hverju sinni. Alla jafna velja börnin sjálf sér þá starfsstöð sem vekur mestan áhuga.
- Sumar stöðvar eru með hámarksfjölda og því getur það komið fyrir að börnin komist ekki í það sem þeim langar mest í þann daginn en ávallt er leitast eftir því að koma til móts við alla. Í hópstarfinu eru alla jafna 3–5 hópar í boði í hvert skipti og er það í höndum starfsmanna að stjórna hópstarfinu. Í útiveru eru börnin ýmist í skipulögðum leikjum, gönguferðum eða frjálsum leik svo dæmi séu nefnd.

Síðdegishressing er í boði á hverjum degi. Þar eru alltaf ávextir eða grænmeti á boðstólnum ásamt t.d. brauði, flatkökum, hrökkbrauði og áleggi.

Framtíðarsýn

Að Tómstundamiðstöðvar ÍTH sinni eða standa á bak við allt tómstundastarf innan hvers skólasamfélags fyrir börn og ungmenni. Einnig að koma á samstarfi við íþróttafélög og aðrar stofnanir sem koma að tómstundastarfi barna í Hafnarfirði með það að leiðarljósi að þau geti stundað tómstundastarf á sama tíma og frístundaheimilin starfa.

Markmið

Helstu markmið

- Að bjóða aðstöðu fyrir skemmtilegan og örvandi frítíma utan skólatíma.
- Að börnunum líði vel í frístundaheimilinu og umhverfið byggist upp af öryggi, hlýju og virðingu.
- Að stuðla að alhliða þroska og félagsfærni.
- Að ná til allra hópa óháð getu, þroska eða fötlunar.
- Að kynna fyrir börnunum fjölbreytt tómstundastarf.
- Að eiga gott samstarf við foreldra.
- Að eiga gott samstarf við skóla en það er margþætt og snýr bæði að ytra og innra starfi frístundaheimila.
- Að hafa gott aðgengi að upplýsingum er varða starfsemina.
- Að á frístundaheimilinu starfi góður starfmannahópur með fjölbreyttan og ólíkan bakgrunn.
- Að verkefnastjórar hafi háskólamenntun á uppeldissviði.

Leiðir að markmiðum

- Að styrkja félagslega stöðu barnanna með uppbyggilegri fræðslu og fjölbreyttu tómstundastarfi þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.
- Að gefa börnunum tækifæri og vettvang til að framkvæma hugmyndir sínar og tryggja þannig að styrkleikar og hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín.
- Að ýta undir virkni, hvetja til gagnrýnna og skapandi hugsunar.
- Að kynna fyrir börnunum íþrótt- og tómstundastarf sem í boði er í Hafnarfirði.
- Hafa það að leiðarljósi að forráðamenn sé vel upplýstir um starfsemina. Starfsmenn gefi sér tíma til að ræða við foreldra, upplýsa þá um líðan barna og að aðgengi foreldra sé gott að verkefnastjórum.
- Að eiga gott samstarf við skóla með því að vera í reglulegum samskiptum við skólastjórnendur, námsráðgjafa, kennara og aðra starfsmenn skólans er koma að starfi barnanna.
- Að halda úti góðri heimasíðu, gefa út fréttabréf og senda póst.
- Að ráða til starfa einstaklinga sem eru hæfir, ábyrgir og hafa áhuga á að starfa með börnum í frístundaheimilum ásamt því að hafa fjölbreytta reynslu og bakgrunn.

Almennar upplýsingar

Hlutverk verkefnastjóra

Verkefnastjóri á hverri starfsstöð ÍTH ber meðal annars ábyrgð á starfi frístundaheimilisins þar sem áhersla er lögð á skipulagða og metnaðarfulla dagskrá sem inniheldur uppeldis- og menntunargildi sem taka mið af aldri barna og þroska. Jafnframt leggur verkefnastjóri áherslu á að öll börn geti fundið eitthvað við sitt hæfi og að þau séu í umhverfi þar sem hver og einn fær að njóta sín. Verkefnastjóri leggur auk þess áherslu á góð, upplýsandi og ánægjuleg samskipti við foreldra.

Verkefnastjóri ber ábyrgð á skráningu barna sem eru í frístundaheimilinu og afskráningar ásamt öðru formlegu utanumhaldi, ásamt starfsmannamálum almennt í samstarfi við verkefnastjóra á skrifstofu æskulýðsmála o.f.l.

Hlutverk starfsmanna

Hlutverk starfsmanna er m.a. að taka vel á móti börnum sem koma í frístundaheimilin og sjá til þess að þau finni fyrir hlýju, öryggi og virðingu þegar mætt er til leiks. Starfsmenn vinna eftir þeirri dagskrá sem verkefnastjórar hafa lagt fyrir en huga auk þess að frjálsum leik barnanna og öðru er viðkemur starfinu.

Forráðamenn

ÍTH leggur áherslu á að eiga gott samstarf við foreldra og tekur vel á móti athugasemdum og ábendingum. Mikilvægt er að forráðamenn hafi samband við starfsfólk frístundaheimila ef barn þeirra er fjarverandi t.d. vegna veikinda. Leyfilegt er að senda barnið með skrifleg skilaboð eða senda skilaboð í tölvupósti til verkefnastjóra fyrir hádegi starfsdags ef barn kemur í skólann en þarf ekki að koma í frístundaheimilið. Munnleg skilaboð frá börnum eru ekki tekin gild. Hafa má samband við frístundaheimilin símleiðis eða senda tölvupóst á verkefnastjóra.

Séu börn skráð þannig að þau verði sótt af forráðamönnum er nauðsynlegt að tilkynna með fyrirvara allar breytingar. Þá er ekki leyfilegt að forráðamenn hafi samband við frístundaheimilin og óski þess að börnin séu send á ákveðna staði eftir að starfi þeirra í frístundaheimilinu lýkur.

Vetrafrí skóla og „sérstakir“ dagar

Frístundaheimilin eru lokuð alla rauða almanaksdaga og í vetrafrí grunnskólanna. Opið er á skipulagsdögum grunnskólanna og virka daga í páska- og jólafríi. Sækja þarf sérstaklega um vistun á þessum dögum. Nánari upplýsingar varðandi umsókn á þessum dögum eru sendar til foreldra áður en að þeim kemur.

Skráning

Börn eru skráð í frístundaheimili í gegnum „Mínar síður“ á www.hafnarfjordur.is.

Breytingar á skráningu þurfa forráðamenn að framkvæma í gegnum „Mínar síður“ fyrir 15. hvers mánaðar.

Uppsagnir þurfa að berast skriflega til viðkomandi verkefnastjóra.

Þurfir þú á aðstoð að halda við innskráningu eða notkun á „Mínar síður“ getur þú leitað til þjónustuværs Hafnarfjarðarbæjar. Starfsfólkið í þjónustuverinu veitir aðstoð við skráningu eða notkun á „Mínar síður“ og hægt er að ná í þau í síma 585 5500 eða í gegnum netspjall á www.hafnarfjordur.is.

Skrifstofa æskulýðsmála.